



Sampykkt þann

05 APR. 1998

Byggingatulltrúinn í Hafnarfirði
Erlendur Hjálmarsson

Bæjarbíó, Strandgötu 6, Hafnarfirði

Viðgerðir og endurbætur að innan á vegum
Kvikmyndasafns Íslands

Bæjarbíó í Hafnarfirði var hannað á árunum 1942-43 af Sigmundi Halldórssyni arkitekt. Skarphéðinn Jóhannsson vann við hönnun á innréttingum. Fyrstu kvikmynda-sýningarnar voru í janúar 1945.

Notkun Bæjarbíó verður notað til kvikmynda-sýninga og sýninga á munum og tækjum, ásamt ráðstefnu- og fundahaldra er tengjast starfsemi Kvikmyndasafnsins.

Breytingar sem gerðar hafa verið

Um 1960 var sviðsopi breytt til að hægt væri að sýna kvikmyndir á breiðjaldi. Leikfélag Hafnarfjarðar hefur haft afnot af húsinu síðustu árin og hefur það stækkað sviðið og fjarlæggt sætaraðir. Sett hefur verið upp sviðslýsing og gerðar breytingar á sýningarklefa. Skipulagi í anddyri / miðasölu hefur verið breytt og komið fyrir eldhúsi og skrifstofu. Á nýlegu milligólfri er búningageymsla (sbr. teikn. Friðjóns Ólafssonar frá ágúst 1990). Salur, forsalar og anddyri hefur verið málað, sett bárujárn á vegg í forsal og anddyri, gólfefni skipt út og lýsingu breytt.

Fyrirhugaðar framkvæmdir Áætlað er að færa Bæjarbíó í upphaflegt horf að innan. Seinni tíma viðbætur verða fjarlægðar. Yfirborðsmeðhöndlun (litir og efnisnotkun), lýsing og innréttingar munu taka mið af upphaflegri útfærslu.

Herbergjaskipan í anddyri / miðasölu verður endurgerð. Settur verður upp nýr veggur sem aðskilja mun skrifstofu frá forsal. Veggur og lúga í miðasölu verður endurgert eftir upprunalegum teikningum.

Núverandi hurðir sem eiga að vera B30 verða endurbættar (hurðargrind fyllt með steinull og reykþéttilisti settur í karm). Sett verður stálhurð A60 milli forsalar og stigahúss. Sett verður gler í útihurðir eins og upphaflega var.

Brunamál voru yfirfarin af Guðmundi Gunnarssyni verkfræðingi hjá Brunamálastofnun ríkisins í febrúar 1998.

Rýmingarleiðir eru nægilegar miðað við að kvikmyndasalurinn rými ca 300 manns. Vængja-hurðum skal breyta þannig að hægt verði að opna báða vængina með húni eða snerli. Ekki eru gerðar athugasemdir við núverandi eða fyrirhugaðar klæðningar í kvikmyndasal, forsal eða anddyri.

Kvikmyndasalur skal vera sjálfstætt brunahólf með B30-hurðum að öðrum herbergjum. Loka skal opi í vegg og gólf sýningarklefa. Hurðir að annarri brunasamstæðu (þ.e. stigahúsi) skulu vera A60. Ut-ljósaskilti, neyðarlýsing og brunaviðvörðunarkerfi skal vera skv. brunamálareglugerð.

Brunaslanga er nú við svið og annarri skal koma fyrir í (eða við) forsal.

Gera verður úttekt á loftræstikerfi m.t.t. brunamála.

BÆJARBÍÓ

STRANDGÖTU 6, HAFNARFIRÐI



Hannað af Sigmundi Halldórssyni arkitekt 1942-43

Viðgerðir og endurbætur að innan á vegum
Kvikmyndasafns Íslands

Grunnmynd og sneiðing 1:100 21. mars 1998

Jon Nordstein
Olaf Flygenring

Jon Nordstein arkitekt mnl
Olaf Flygenring arkitekt fai
Mjóahlíð 8 105 Reykjavík sími / fax 552 7873



Fyrirhugaðar breytingar miðað við fyrirkomulag í febrúar 1998 (samantekt):
- Áætlað er að færa Bæjarbíó í upphaflegt horf að innan. Seinni tíma viðbætur verða fjarlægðar.
- Sett verður stálhurð A60 milli forsalar og stigahúss.
- Herbergjaskipan í anddyri, miðasölu og skrifstofu verður breytt. Nýr veggur milli anddyris og skrifstofu verður úr forskallaðri timburgrind fylltri steinull. Veggur í skrifstofu og miðasölu ná upp í ca 230 cm hæð og verða klæddir bæsuðum krossvið.